



FLÓAHREPPUR

Alþingi

b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Selfossi, 22. febrúar 2017

Efni: Umsögn um frumvarp um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp um farþegaflutninga- og farmflutninga á landi (128. máls) sem hefur verið lagt fram á 146. löggjafarþingi 2016-2017. Undirrituð setur fram eftirfarandi fyrir hönd Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir innsendar athugasemdir Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga dagsettar 21. febrúar 2017 enda telur sveitarstjórnin nauðsynlegt að tekið verði tillit til þeirra svo almenningssamgöngum verði tryggt rekstraröryggi til framtíðar og lokað fyrir svokallaðar rjómafleytingar samkeppnisaðila á fjölmennustu leiðunum yfir sumartíman.

F.h. sveitarstjórnar Flóahrepps


Eydis P. Indriðadóttir
sveitarstjóri